

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag fyrir þéttbýlið í Reykholti (heildarendurskoðun deiliskipulags).*

Breytingin felur í sér að festa í sessi núverandi landnotkun á svæðinu. Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem því verður við komið og að byggð sé í góðum tengslum við skóla, íþróttasvæði og verslun og þjónustu. Þá verður gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði á Birtingarholti og nýrri íbúðargötu sunnan við Kistuholt. Skipulagssvæðið er um 144 ha að stærð.

Á skipulagssvæðinu er í gildi deiliskipulag fyrir eftirfarandi svæði, en þau verða felld úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags:

Íbúðarbyggð í landi Eflingar, dagsett í júlí 2003 með síðari breytingum. Birt í B-deild Stjórnartíðinda 9. janúar 2004 með auglýsingu nr. 1034/2003 dagsettri 18. desember 2003.

Stofnanasvæði, skóli, leikskóli og stjórnarsýsla, dagsett í júlí 1991, með síðari breytingum. Áritað og samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 20. ágúst 1991 (skv. 44. gr. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985).

Íbúðarbyggð við Miðholt og Kistuholt, dagsett í janúar 2003, með síðari breytingum. Birt í B-deild Stjórnartíðinda 1. ágúst 2003 með auglýsingu nr. 588/2003 dagsettri 31. júlí 2003.

Íbúðarbyggð við Hveratungu, dagsett í nóvember 2004. Birt í B-deild Stjórnartíðinda 17. júlí 2006 með auglýsingu nr. 602/2006 dagsettri 30. júní 2006.

Íbúðarbyggð í Fljótsholti, dagsett í janúar 2016, með síðari breytingum. Birt í B-deild Stjórnartíðinda 29. apríl 2016 með auglýsingu nr. 356/2016 dagsettri 11. apríl 2016.

Árið 2009 var unnið deiliskipulag fyrir hluta Reykhols en það var síðar felld úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. maí 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**